

# Siðareglur starfsmanna og stjórnarmanna Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss

1. gr.

## *Um siðareglurnar*

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem starfsfólk og stjórnendur skulu sýna af sér við störf sín í Hörpu. Gilda þessar reglur einnig um stjórnarmenn. Hugtakið starfsfólk í þessum reglum nær því til allra starfsmanna og stjórnarmanna Hörpu.

2. gr.

## *Almennar starfsskyldur*

Starfsfólk gegnir störfum sínum af alúð og samviseksemi, án tillits til eigin hagsmuna eða persónulegra skoðana. Starfsfólk gætir kurteisi og réttsýni, hefur í heiðri heiðarleika og sanngirni og starfar í anda jafnréttis. Starfsfólk sýnir viðskiptavinum og samstarfsaðilum virðingu og umburðarlyndi og rækir störf sín af þjónustulund og ábyrgð. Starfsfólk og stjórnarmenn gæta að orðspori Hörpu í samskiptum sínum utan vinnu, í samræmi við stöðu sína og ábyrgð.

Starfsfólk vinnur saman af heilindum að settum markmiðum starfseinnar, sýnir hvert öðru virðingu og virðir verkaskiptingu sín á milli. Starfsfólk forðast að hafast nokkuð það að sem er því til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf, starfsstað eða starfsgrein er það vinnur við. Starfsfólk aðhefst ekkert það sem falið getur í sér misnotkun á almannafé eða misnotkun á fasteign, tækjum, öðrum eignum eða aðstöðu í Hörpu.

Starfsfólk hefur ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum og gætir þess að lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för. Þannig gæta starfsmenn þess að mismuna ekki borgurum á nokkrum grundvelli, þ.m.t. á grundvelli stjórnmálaskoðana, þjóðernis, trúarbragða, aldurs, kyns, kynþáttar, kynhneigðar, fötlunar eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.

3. gr.

## *Hæfni*

Starfsfólk gætir þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfs þess á hverjum tíma. Það leggur sig fram um að viðhalda faglegri hæfni sinni og þekkingu í starfi og auka hana sjálfu sér og starfseminni til hagsbóta. Í mannauðsstefnu Hörpu er lögð áhersla á stuðning og hvatningu til að viðhalda þekkingaröflun og starfsþróun starfsfólks.

4. gr.

## *Hagsmunaárekstrar*

Starfsfólk forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekur athygli á því ef hætta er á þeim. Þetta á einnig við ef þær breytingar verða á högum starfsfólks að valdið geti slíkum hagsmunaárekstrum. Starfsfólk misnotar ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra tengdra aðila, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar.

Starfsfólk skal upplýsa yfirmenn sína ef einhver vafi er um slíkt og stjórnarmenn skulu upplýsa formann á sama hátt. Starfsfólk skal ætíð forðast að láta persónulegt mat ráða för í samstarfi og þjónustu við viðskiptavini. Gildir það jafnt um listamenn sem aðra sem samskipti eiga við Hörpu. Hafa skal fagleg sjónarmið að leiðarljósi og að jafnræðis og hlutleysis sé gætt í samningum eða umbun vegna einstakra verkefna, viðburða og starfa.

Starfsfólk í fullu starfi skal láta Hörpu í té óskipta starfskrafta sína. Leyfi þarf frá næsta yfirmanni til launaðra starfa utan Hörpu og skal þá vera tryggt að ekki sé hætta á hagsmunaárekstrum. Um stjórnarsetu í öðrum félögum eða fyrirtækjum gildir það jafnt um starfsfólk og stjórnarmenn að slíkt skal tilkynnt forstjóra eða formanni stjórnar, eftir því sem við á. Stjórnarmenn skulu gera grein fyrir setu í öðrum stjórnnum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund ár hvert og uppfæra ef tilefni reynist til.

#### 5. gr.

##### *Þjónusta.*

Starfsfólk Hörpu skal kappkosta að veita góða þjónustu og starfa í samræmi við þjónustustefnu Hörpu. Öllum erindum sem berast til Hörpu skal svara með skýrum, tímanlegum og kurteislegum hætti og gæta skal vel að jafnræði til upplýsinga um þá þjónustu sem boðið er upp á svo sem segir til um í þjónustustefnu Hörpu. Samskipti við viðskiptavini, fasta leigjendur eða samstarfsaðila í Hörpu skulu vera skýr og í samræmi við samninga.

#### 6. gr.

##### *Gjafir og fríðindi*

Starfsfólki og stjórnarmönnum er ekki heimilt að þiggja gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir samstarfi eða þjónustu Hörpu nema að um sé að ræða óveruleg verðmæti. Starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Leiki vafi á því hvort verðmæti séu umfram viðmið skal hafa samráð og leita heimildar hjá næsta yfirmanni.

#### 7. gr.

##### *Trúnaður*

Starfsfólk og stjórnarmenn virða trúnað um vitneskju sem þau fá í starfi sínu og gæta ber trúnaðar um. Þessi þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum í Hörpu.

#### 8. gr.

##### *Val og ráðningar starfsmanna*

Það starfsfólk sem hefur ráðningar annarra starfsmanna á sínu verkviði gætir þess að fylgja lögum og góðum stjórnsýsluháttum við val og ráðningar í störf og við gerð samninga um ráðningarkjör og starfsskyldur. Þess er ávallt gætt að einungis málefnalegar forsendur liggja að baki ráðningum starfsfólks. Öll föst störf skulu auglýst og rökstuðningur ráðningar liggja fyrir sé þess óskað af umsækjanda.

9. gr.

*Miðlun siðareglna*

Siðareglur þessar, sem og aðrar þær reglur sem vísað er til, skulu vera aðgengilegar starfsfólki, stjórnarmönnum, almenningi og fjölmiðlum á þann hátt sem til þess er fallinn að þessir aðilar geti kynnt sér þær. Kynna skal þessar reglur nýju starfsfólki er það hefur störf og einnig nýjum stjórnarmönnum sem staðfesta skuldbindingu sína við þær með áritun sinni. Brot á siðareglum getur varðað brottvikningu úr starfi.

Forstjóri og stjórnarformaður skulu jafnframt, þegar tilefni er til og a.m.k. árlega sjá til þess að minna á siðareglurnar, efni þeirra og innihald. Stjórnarmenn staðfesta fylgni við reglurnar árlega. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu Hörpu og á innri vef starfsfólks.

10. gr.

*Tilkynning um brot siðareglna*

Starfsfólk og stjórnarmenn upplýsa um spillingu, ólögmæta eða ótilhlýðilega háttsemi, sem þau kunna að verða vör við í störfum sínum. Verði starfsmaður eða stjórnarmaður áskynja um ámælisvert athæfi sem brýtur gegn siðareglum Hörpu og/eða atriði sem kunna að vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum og gætu haft áhrif á orðspor Hörpu eða hlutleysi og hæfi annarra starfsmanna eða stjórnarmanna skal hann vekja athygli næsta yfirmanns, sem ekki á sjálfur hagsmuna að gæta, á atvikinu eða annarra viðeigandi aðila. Reynist ekki unnt að leita til stjórnenda eða formanns stjórnar skal beina tilkynningu til formanns endurskoðunarnefndar Hörpu.

Staðfest af stjórn Hörpu tónlistar – og ráðstefnuhúss ohf.

Reykjavík, 27. október 2023